

## Samstarfstækifæri í Póllandi

**Frá** : Anna G. Björnsdóttir <anna.g.bjornsdottir@samband.is>  
**Heiti** : Samstarfstækifæri í Póllandi  
**Málsnúmer** : 1909046  
**Málsaðili** : Samband íslenskra sveitarfélaga  
**Skráð dags** : 20.09.2019 12:35:01  
**Höfundur** : Anna G. Björnsdóttir <anna.g.bjornsdottir@samband.is>

Ágætu framkvæmdastjórar

Samkvæmt stefnumörkun kjörtímabilsins á sambandið að vinna að því að sveitarfélög geti nýtt sér samstarfstækifæri í gegnum EES-uppbyggingarsjóðinn. Pólland er eitt áhugaverðasta samstarfslandið. Bæði vegna þess að það er stærsta styrkþegalandið og vegna þess að í íslenskum sveitarfélögum búa margir íbúar af pólskum uppruna.

Óttar Freyr Gíslason forstöðumaður Brusselskrifstofu sambandsins vaktar samstarfstækifæri sveitarfélaga í gegnum sjóðinn. Þið eruð hvött til að lesa samantekt hans hér að neðan um pólsk tækifæri og hafa samband við hann ef þið hafið áhuga á að kanna samstarfsmöguleika fyrir ykkar sveitarfélög, [ottarfreyr@samband.is](mailto:ottarfreyr@samband.is).

Þið eruð einnig hvött til tengjast fésbókarsíðu sambandsins um sjóðinn sem er vettvangur sveitarfélaga fyrir upplýsingamiðlun og umræður um málefni sem tengjast honum, sjá

<https://www.facebook.com/groups/2524181717603765/about/>

### Uppbyggingarsjóður EES - Svæðaáætlunin í Pólandi

Í Pólandi er áætlun sem er sérstaklega beint að svæðum og sveitarstjórnnum. Áætlunin er stór, 50 milljónir evra, en uppsetning hennar er nokkuð sérstök og því ekki hægt að segja til um það eins og er hverjar verði helstu áherslur þeirra verkefna sem koma til með að fá styrki.

Fyrirkomulagið er með þessum hætti:

- 250 sveitarfélög uppfylltu skilyrði til þess að sækja um. Umsóknarfresturinn er liðinn og 213 sveitarfélög sóttu um.
- Af þeim verða 50 sveitarfélög valin og þau fá aðstoð sérfræðinga til þess að setja upp aðgerðaáætlun og sækja um styrk til að framkvæma hana. Það mun liggja fyrir í október/nóvember 2019 hvaða sveitarfélög verða fyrir valinu.
- Af þeim fá síðan 15 sveitarfélög styrk til að framkvæma aðgerðaáætlunina. Það mun liggja fyrir á fyrri hluta 2020 hver þau verða.
- Þegar þessi 15 sveitarfélög hafa verið valin þá hefst vinna við að finna samstarfs-sveitarfélög frá Íslandi og Noregi.

Meðal aðgerða sem búast má við að verði í einhverjum af þessum 15 verkefnum:

- i) Aðgerðir í tengslum við félags- og efnahagslega framþróun;
- ii) Aðgangur að félagslegum úrræðum;
- iii) Aðgerðir gegn mismunun viðkvæmra hópa;
- iv) Aukin starfshæfni starfsmanna og bætt þjónusta á sveitarstjórnarstigi;
- v) Aukið gegnsæi og bætt fjármálastjórn í starfsemi sveitarfélaga

Næstu skref:

- Brussel-skrifstofa Sambandsins mun taka saman yfirlit um þær aðgerðir sem verða innan þessara aðgerðaáætlana (fyrir öll 50 sveitarfélögin ef hægt er, en annars þau 15 sem fá verkefnastyrki).
- Yfirlitið verður síðan notað til þess að kanna mögulega þátttöku íslenskra sveitarfélaga.
- Brussel-skrifstofa Sambandsins mun koma upplýsingum varðandi áhugasöm sveitarfélög á framfæri við þessi 15 pólsku sveitarfélög sem fá styrki.
- Lagt er til að íslensk sveitarfélög sem hafa áhuga á þátttöku í þessari áætlun hafi samband við samstarfs-sveitarfélög í Pólandi og Noregi og heyri hvort að þau séu að skoða þátttöku. Það getur verið mjög gagnlegt að vera í samfloti með norsku sveitarfélagi þegar kemur að þátttöku í áætlunum innan Uppbyggingarsjóðs EES.

Þá má líka minnast á að 50 bæjar/sveitarstjórar munu fara í kynningarferð til Noregs í mars/apríl 2020, en þetta er hluti af undirbúningi við vinnu á aðgerðaáætlunum. Það hefur ekki verið staðfest, en það er mögulegt að íslensk sveitarfélög geti tekið þátt í þessari ferð. Ef það er raunin, þá væru næstu skref að skoða hvort tvíhliða sjóðurinn innan þessara áætlunar geti greitt fyrir þátttöku íslenskra aðila (flug og hótél). Brussel-skrifstofa Sambandsins mun athuga það. Þá væri gott að heyra ef að einhver íslensk sveitarfélög hefðu áhuga á að taka þátt í þessari kynningarferð.